

Sandskeið 6, Netagerð 1933. (Landnúmer: 151520 Fastanúmer: 2317564).

Fundargerð 24. ágúst 1956:

Borist hafði bréf frá Kristni Jónssyni ásamt tillögu uppdrætti að byggingu ofan á Litunarstöðina. Eftir nokkrar umræður varð samkomulag um að fresta afgreiðslu málsins, með tilliti til þess að fulltrúi skipulagsstjóra yrði hér á ferðinni innan skamms og skyldi þá ráðfæra sig við hann.



F. 15. sept. 1957:

Fyrir var tekið erindi frá Kristni Jónssyni varðandi byggingu ofan á Litunarstöðina, gerði meðfylgjandi teikning ráð fyrir asbestbyggingu ofan á núverandi hús. Byggingarnefnd samþykkti bygginguna fyrir sitt leyti, með þeim skilyrðum þó að steipt loft verði á milli hæðanna og umbúnaður allur í sambandi við brunavarnir í húsinu sjálfu og gagnvart nálægum húsum verði samkvæmt reglugerð um brunavarnir og brunamál, og hreppsnefnd samþ. bygginguna fyrir sitt leyti.

F. 2. mars 1966:

Netagerð dalvíkur hf. sækir um leyfi til að byggja ofan á hús, sem félagið hefur keypt af Netjamönnum. Litunarstöð við Hafnarbraut. Teikning fylgir með af þessari fyrirhuguðu byggingu, sem á að verða 5 m há og úr bárujárni. Byggingarnefnd frestar að taka ákvörðun um þessa umsókn þar til lóð samkomuhússins hefur verið mæld og afmörkuð.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

(1913 og 1978) Eigandi Netagerð Dalvíkur. Útveggir úr steinsteypu og bárujárni. Járnklaett skúrþak. Skipt með stein og timburskílrúmum í 3 hólf. Stærð: 13,20 x 5,80 x 5,94 m.

Viðbygging byggð við húsið úr stálgrind á steiptum grunni árið 1978 í norður.

Stærð: 24,30 x 12,60 x 4,10 m.

Saga Dalvíkur. 4bindi bl. 225.

Árið 1947 var Netjamenn h.f. stofnað og forstjóri settur Kristinn Jónsson.

Saga Dalvíkur. 4bindi bl. 237.

Netjamenn hf hætta rekstri 1964, sama ár er Netagerð Dalvíkur hf stofnað.



Stutt saga húss:

Saga Dalvíkur III bindi, bl. 389.

Það var því eðlilegt að útvegsmenn vildu fá dráttarbraut á Sandinn, en það töldu tæknifróðir menn ekki koma til greina, að vísu var þar jafnlítill mismunur flóðs og fjöru og á Upsamöl, en sá var hængur á, að þar var ægissandur, þar sem í ekkert var að festa undirstöður undir slippgarða, og þar að auki var sandburðurinn mjög breytilegur eftir sjávarföllum, svo að þessi hugmynd virtist einnig borin von, það var þá, sem hinn snjalli og hugkvæmi Sveinbjörn Jónsson kom fram með tillögu, sem leysti þennan vanda, og var innan tíðar hafist handa við framkvæmdir þessa mannvirkis, sem síðar hlaut nafnið Dráttarbraut Dalvíkur (Slippurinn) og þótti hið mesta mannvirki á sínum tíma. Dráttarbrautin var tekin í notkun árið 1933 og mun hafa kostað um 17 þúsund króna. Sveinbjörn Jónsson hafði yfirumsjón með verkinu, en trésmíðar önnuðust Jón Sigurðsson húsasmíðameistari frá Göngustöðum og Arngrímur Jóhannesson. Kristinn Jónsson frá Ingvörum sá um járnsníði. Dráttarbrautin skemmdist illa í æðisbrimi og ofsaroki sem gekk yfir norðurland 26 til 27 október 1934. Brautin var endurbyggð strax árið eftir. Á fundi Íshúsfélagsins 1935, sem hafði dráttarbrautina á snærum sínum, kom til

umræðu beiðni um leigu á hálfri húseign dráttarbrautarinnar undir verkstæði. Hlaut hún samþykki gegn ákveðnu leigugjaldi og að leigutakar standsettu þennan hluta hússins eftir því, sem við þyrfti. Eftir að farið var að vinna að hafnargerð á Dalvík og þörf fyrir Slippinn ekki eins brýn og áður, var dráttarbrautin lögð af og öllu jafnað við jörðu nema verkstæðishúsi Slippsins, svo eftir stóð aðeins ber kamburinn þar sem áður stóð Dráttarbraut Dalvíkur, þetta óskabarn útvegsmanna. Á árunum milli 1950 og 60 ráku Óskar Berg, járnsmiður frá Siglufirði og sonur hans Sigurður, (var giftur Ingu Tór) járnsmíðaverkstæði í húsinu í mörg ár en seldu Kristni Jónssyni, netagerðamanni og hann hafði þá verið framkvæmdastjóri fyrir fyrirtækið Netjamenn hf. Árið 1947 varð Netjamenn hlutafélag og urðu þá hluthafar þeir starfsmenn sem lengst höfðu unnið þar, þeir Skapti og Hjalti Þorsteinssynir, Gunnlaugur Guðjónsson, Sveinn Friðbjörnsson og Haukur Kristinsson, auk Kristins sjálfs og var hann áfram framkvæmdastjóri. Árið 1964 seldi Kristinn Jónsson nýstofnuðu hlutafélagi, Netagerð Dalvíkur h.f. meginhluta að vörubirgðum Netjamanna h.f. og leigði hann hinu nýja félagi vinnustað og geymslur til vers 1965. Hluthafar í Netagerð Dalvíkur voru þá þeir Kristinn Þorleifsson, Níels og Haukur Kristinssynir, Skapti og Hjalti Þorsteinssynir og Júlíus Kristjánsson, og var Framkvæmdastjóri. Á fundi bygginganefndar í mars 1966 er eftirfarandi bókað. “Netagerð dalvíkur hf. sækir um leyfi til að byggja ofan á hús, sem félagið hefur keypt af Netjamönnum Litunarstöð við Hafnarbraut. Teikning fylgir með af þessari fyrirhuguðu byggingu, sem á að verða 5 m há og úr bárujárni. Byggingarnefnd frestar að taka ákvörðun um þessa umsókn þar til lóð samkomuhússins hefur verið mæld og afmörkuð”. Þetta sumar er svo byggt ofan á litunarstöðina.

Netagerð Dalvíkur var starfrækt sleitulaust til 2001 en rann þá saman við Netagerð Friðriks Vilhjálmsopnar h.f. Árið 2007 lagðist netagerð af í húsinu og það var selt. Núverandi eigendur eignuðust þá húsið þ.e.a.s. Sveinn Ríkarðsson neðri hæðina, sem var gamli slippurinn og litunarstöðin, en Guðmundur Guðlaugsson efri hæðina sem byggð var 1966.

Athugasemd um húsið:

Húsið er byggt sem verkstæði við Dráttarbraut Dalvíkur (Slippurinn) og þótti hið mesta mannvirki á sínum tíma. Dráttarbrautin var tekin í notkun árið 1933. Sveinbjörn Jónsson hafði yfirumsjón með verkinu, en trésmíðar önnuðust Jón Sigurðsson húsasmíðameistari frá Göngustöðum og Arngrímur Jóhannesson. Kristinn Jónsson frá Ingvörum sá um járnsmíði. Á fundi Íshúsfélagsins 1935, sem hafði dráttarbrautina á snærum sínum, kom til umræðu beiðni um leigu á hálfri húseign dráttarbrautarinnar undir verkstæði. Hlaut hún samþykki gegn ákveðnu leigugjaldi og að leigutakar standsettu þennan hluta hússins eftir því, sem við þyrfti. Á árunum milli 1950 og 60 ráku Óskar Berg, járnsmiður frá Siglufirði og sonur hans Sigurður, járnsmíðaverkstæði í húsinu í mörg ár en seldu Kristni Jónssyni, netagerðamanni sem var framkvæmdastjóri fyrir fyrirtækið Netjamenn hf. Árið 1964 seldi Kristinn Jónsson nýstofnuðu hlutafélagi, Netagerð Dalvíkur h.f. meginhluta að vörubirgðum Netjamanna h.f. og leigði hann hinu nýja félagi vinnustað og geymslur til vers 1965. Á fundi bygginganefndar Dalvíkur í mars 1966 sækir Netagerð dalvíkur hf. um leyfi til að byggja ofan á Litunarstöðina við Hafnarbraut, sem félagið hafði keypt af Netjamönnum. Teikning fylgir með af þessari fyrirhuguðu byggingu, sem á að verða 5 m há og úr bárujárni. Þetta sumar er svo byggt ofan á litunarstöðina. Netagerð Dalvíkur var starfrækt sleitulaust til 2001 en rann þá saman við Netagerð Friðriks Vilhjálmsopnar h.f. Árið 2007 lagðist netagerð af í húsinu og það var selt. Núverandi eigendur eignuðust þá húsið þ.e.a.s. Sveinn Ríkarðsson neðri hæðina, sem var gamli slippurinn og litunarstöðin, en Guðmundur Guðlaugsson efri hæðina sem byggð var 1966.

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið stendur á 1.244,0 m². iðnaðar og athafnarlóð í eigu Dalvíkurbyggðar.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1933-	Íshúsfélagsins	

1945-1955	Óskar Berg, járnsmiður
1955-1963	Kristinn Jónsson, Netagerðamaður Netjamenn
1966-2001	Netagerð Dalvíkur ehf
2001-2004	Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar h.f.
2004-2004	Netagerð Dalvíkur
2004-2007	Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar h.f.
2008-2008	Jóhannes Árskóg
2008-2008	Sveinn Ríkarðsson
2008	Guðmundur Kristján Guðlaugsson

Steinn 1914 (Þorsteinshús III, Hallgrímshús, Steinstaðir) Sandskeið 16 (1984)

Landnr: 151495

Fastanr: 215-4859

(Saga Dalvíkur II bindi, bl. 402 (eins og staðan var 1918))

Eigendur Þorsteinn Jónsson, kaupmaður og k.h. Ingibjörg Baldvinsdóttir. Húsráðendur Jón Ágústsson sjómaður frá Sænesi og k.h. Jóhanna Halldórsdóttir frá Litlu-Hámundarstöðum.



(Fasteignarmat 1931)

Lóð, 616 m² ógirt leigulóð. Hús 10,0 x 4,0 m vegg hæð frá grunnni er 3,5 m. rishæð 1,5 m. Enginn kjallari. Byggt af steinsteypu. Þak af timbri, pappalagt. Gólf, loft og skilrúm af timbri. 1 íbúð með 6 herbergjum. Vatnsleiðsla og ofnar.

Reykháfur 1 steinsteypdur. Þurr og hlítt. Útihús: steinsteypuhús 5,0 x 3,13 m með járnþaki, áfast íbúðarhúsi. (fjós og hlaða byggt 1923 eigandi Gunnlaugur Hallgrímsson, Svalbarðsströnd.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Einlyft steinhús á grunnni, þiljað innan. Vesturgafli sprakk frá og þar þurfti mikilla viðgerða. Óíbúðarhæft. Íbúar tveir. Húsráðendur Hallgrímur Sigurðsson og Þorláksína Sigurðardóttir.

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 293 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 10,0 – b: 4,5 – h: 4,5) Steinhús. Aðalhæð þrjú herbergi, forstofa, uppgangur á lofthæð. – Lofthæð tvö herbergi og geymsla. Húsið þiljað innan að mestu. Íbúðarherbergi máluð eða veggfóðruð. Skilrúm úr timbri. Bárújárnsþak. Kolakynding. Rafmagn til ljósa.

Fjós og haughús. (l: 5,0 – b: 3,5 – h: 2,0). Áfast íbúðarhúsinu, steinsteypd með járnþaki

Skúr. (l: 4,0 – b: 3,0 – h: 2,5). Úr bárújárn á timburgrind með járnþaki (1932).



Stutt saga húss:

Þorsteinn Jónsson kaupmaður byggði húsið árið 1914. Jóhann Jónsson og Anna Júlíusdóttir áttu það um tíma og bjuggu þar ásamt dætrum sínum Guðrúnu og Valdísi. Þórarinn Þorleifsson og Ingibjörg Jónsdóttir bjuggu þar lengi en voru ekki eigendur þess. Um tíma átti Skúli Pálsson húsið og hann byggði inngangsskúr við það. 1970 kaupir Torfi Jónsson og Guðbjörg Hjaltadóttir húsið og búa þar ásamt syni Guðbjargar, Hjalta Ben Ágústssyni og sameiginlegri dóttur, Lilju Guðlaugu, f. 1972. Engar stórvægilegar breytingar voru gerðar fyrir utan almennt viðhald, nema að forstofa sem Skúli hafði byggt var klædd og einangruð við innflutning.

Sólborg Friðbjörnsdóttir frá Hóli og Sigurður Alfreðsson áttu húsið frá 1975 - 1982 en þá keyptu Hanna Helgadóttir og Guðmundur Æ Sigurvaldason það. Meðan þau áttu húsið voru gerðar miklar breytingar. Sólskáli var reistur sunnan við húsið, þakinu var lyft og húsið allt klætt utan með timbri.

Viðar Valdemarsson átti Stein frá 1994 til 1997 þá eignaðist Lífeyrissjóður matreiðslumanna húsið. 1998 var eigandinn



Lífeyrissjóðurinn Lífiðn. Árið 1999 keypti Sigurður Brynjar Júlíusson af Lífeyrissjóðnum en sama ár eignaðist Sparisjóður Svarfdæla húsið og það sama ár keypti Jón Smári Jónsson. Hann seldi Þórdísi Lindu Dúadóttur 2004. Hún átti húsið til 2011 þegar núverandi eigandi, Arnór Gunnarsson keypti það.

Athugasemd um hús:

Húsið skemmdist illa í jarðskjálftanum 1934 en var lagað. Engar stórvægilegar breytingar voru gerðar fyrir utan almennt viðhald í langan tíma, nema að forstofa var sett framan við húsið um 1970. Eftir 1982 eru gerðar miklar breytingar á því. Það er byggður sólskáli sunnan við húsið og þakinu lyft og húsið allt klætt utan með lóðréttri timburklæðningu.

Húsið er gjörbreytt frá upphaflegri gerð. Engu að síður er það friðað samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldur síns.



Athugasemd um umhverfi húss:

Steinninn stendur á 255,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Steininum fylgdi braggi sem nýttur var til fjárbúskapar. (sá braggi var rifinn á haustdögum 2010). Sunnan við húsið er sólpallur sem er umkringdur skjólveggjum. Að öðru leiti er lóð óumhirt.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1914	Þorsteinn Jónsson , kaupmaður Ingibjörg Baldvinsdóttir	
1916-1919 Þorsteinsskúr	Jón Emil Ágústsson sjómaður Jóhanna Sigurbjörg Halldórsdóttir	Páll Sigurvin (1912) Óli Arelíur (1914) Halldór Ragnar (1919)
1925-1936	Hallgrímur Sigurðsson Þorláksína Sigurðardóttir.	Sigurhelgi Gunnar (1909) Snorri Sæmundur (1912)
194?-1963	Jóhann Jónsson Anna Júlíusdóttir	Kristín Aðalheiður (1917) Guðrún (1921) Valdís (1924)
194?-1959	Þórarinn Þorleifsson Ingibjörg Jónsdóttir	Þorbjörg (1942)
194?-1948	Hjalti Þorsteinsson Kristín Aðalheiður Jónsdóttir	Anna Bára Rannveig
1963-1964	Kristinn Sigurðsson	
1964-1969	Eysteinn Jónsson Alda Þorvaldsdóttir	Ásta Elín Grétarsdóttir (1958) Jón Þorvaldur (1960) Sigurður Kr. (1963) Eiríkur Bj. (1965)

1969	engin	
1970-1971	Skúli Pálsson Guðrún Lúðvíksdóttir	Anna Júlía (1966) Guðmundur Páll (1967) Jón Birgir (1968)
1971-76	engin	
1976-1978	Sigurður Sv. Alfreðsson Sólborg Friðbjörnsdóttir	Jón Ingi (1976)
1980-1981	Íris Jónsdóttir	Dagbjört Norðfjörð (1975)
1982-86 1983-88	Guðmundur Æ Sigurvaldason Jóhanna Helgadóttir	Kjartan (1979)
1982-84 Sandskeið20	Indriði Helgason	
1989-1991 Sandskeið16	Þórir Jakobsson Guðný Jakobsdóttir	Óskar Jakob (1975)
1994-1996	Viðar Valdimarsson	Andri Geir (1979) Valdimar Þór (1972)
1997-1998 1998-1999	Lífeyrissjóður matreiðslumanna Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	
-1997	Andri Geir Viðarsson	
1999-2000	Sigurður Brynjar Júlíusson Inga Dóra Jónsdóttir	
2003-2003	Sparisjóður Svarfdæla	
2000-2002?	Jón Smári Jónsson	
2004-2006	Þórdís Linda Dúadóttir	
2006-2011	Dúi Kristján Andersen	
2011	Arnór Gunnarsson	

Sandskeið 22 Bílaverkstæði (Landnúmer: 151807).

A: Fastanúmer: 2155370 Afgreiðsla/plötusm. 1947 639,1 m².

B og C: Fastanúmer: 2155371 Efnislager 1953 204,9 m³.

D: Fastanúmer: 2155369 Bifreiðaverkstæði 1961 508,0 m².

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Kaupfélag Eyfirðinga: A: Útveggir úr bárujárn. Braggalag á steypum grunni. Notað sem bifreiða og járnsmíðaverkstæði. Skipt í 3 hólf. Stærð 30,00 x 11,00 x 5,30 m. Alls 330 m². og 1755,0 m³.

B: Sambyggð við A: á 2 hæðum byggður úr steinsteypu skipt með timbur og steinskilrúmum í 7 hólf. Stærð 15,80 x 10,00 x 6,50 m. Alls 316,0 m². og 1027,0 m³.

C: Áfast B-lið er geymsluhús byggt úr timbri klætt asbesti og þak járnklætt. Stærð: 20,00 x 8,20 x 3,40 m. / 8,30 x 3,50 x 2,00 m. / 3,00 x 1,40 x 2,00 m. Alls 197,0 m² og 625,0 m³.

D: Áfast B-lið er byggt hús úr steinsteypu með járnklæddu þaki. Stærð: 32,00 x 15,00 x 7,50 m. Alls 480,0 m². og 3600,0 m³.



Stutt saga húss:

Jónas Hallgrímsson frá Melum stofnaði Bílaverkstæði Dalvíkur 1935, hóf viðgerðir fyrst í sláturhúsi Ú.K.E. Dalvík, en reisti eigið verkstæði um 1938, Steðja, bílaverkstæði Jónasar Hallgrímssonar. Húsið þjónaði því hlutverki til ársins 1945 en þá flutti Jónas starfsemina í nýtt húsnæði sem hann hafði byggt niður við Sandskeið 22, útveggir úr bárujárn. Braggalag á steypum grunni. Þar rak hann Bíla- og vélaverkstæði Jónasar Hallgrímssonar á Dalvík til árið 1947 en þá keypti Kaupfélag Eyfirðinga verkstæðið og Jónas var ráðinn framkvæmdastjóri þess. Fljótlega varð húsið of lítið og árið 1953 er byggt við braggann 205 m². efnislager. Aftur sprengir starfsemin af sér húsnæðið og aftur er byggt árið 1961 510 m². bygging og þangað fluttust allar bifreiðaviðgerðir en í elsta hlutanum var öll járnsmíði og viðgerðir á landbúnaðartækjum o.þ.h.

Árið 1999 seldi KEA húsnæðið og starfsemina til Vélaverkstæðis Dalvíkur, sem átti húsin til 2005. Þá eignaðist Kaldbakur hf. Sandskeið 22 og seldi Dalverki ehf það sama ár. Dalverk, sem er jarðverktakafyrirtæki notaði húsið undir bíla sína og vélar í 5 ár. Árið 2010 eignaðist Arion banki hf. Húsin og seldu núverandi eigendum, Steypustöð Dalvíkur ehf. Sandskeið 22 árið 2011.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1947	Jónas Hallgrímsson	
1947-1999	Kaupfélag Eyfirðinga	
1999-2005	Vélaverkstæði Dalvíkur	
2005-	Kaldbakur hf	

2005-2010	Dalverk ehf		
2010-2011	Arion banki hf.		
2011	Steypustöðin Dalvík ehf.		